

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA



BYGGÐASAFN  
ÁRNESINGA

23. fundur stjórnar Byggðasafns Árnésinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka var haldinn mánudaginn 21. mars 2022, kl. 20, á kaffistofu Búðarstígs 22 á Eyrarbakka. Fundinn sátu Árni Eiríksson formaður, Klara Öfjörð og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir. Eggert Valur Guðmundsson hefur sagt af sér stjórnarsetu og er honum þökkuð giftudrjúg störf í þágu safnsins. Klara Öfjörð er varamaður hans. Einnig situr fundinn safnstjóri Lýður Pálsson sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.

1. **Skýrsla um kaup og framkvæmdir við Búðarstíg 22.** Skýrslan var samin af safnstjóra í desember 2021 og greinir frá kaupum á Búðarstíg 22 og framkvæmdum frá upphafi til loka. Skýrslan lögð fram til kynningar.

2. **Mundakotsskemmu.** Lagt fram bréf bæjarritara Árborgar og kaupsamningur um Mundakotsskemmu sem er þinglýst eign Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka. Sjóminjasafnið á Eyrarbakka er eign Sveitarfélagsins Árborgar en Byggðasafn Árnésinga rekur Sjóminjasafnið á Eyrarbakka samkvæmt þjónustusamningi og fer með ákvörðunarvald í málefnum þess. Stjórn Byggðasafns Árnésinga samþykkir kaupsamninginn sem er í samræmi við samþykkt bæjarráðs Árborgar. Jafnframt er Lýði Pálssyni, kt. 300666-2999, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Byggðasafns Árnésinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka að undirrita kaupsamninginn sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast kaupsamningnum.

3. **Minnisblað um starfsemina í Búðarstíg 22.** Safnstjóri lagði fram minnisblað til stjórnar um reynslu safnsins af Búðarstíg 22. Þessi bygging hentar innra starfi safnsins mjög vel. Örfáir vankantar hafa komið fram sem bæta verður úr. Meðal annars er hljóðvistun í sal ekki nægilega góð, þröskuld vantar á inngöngudyr og lagfæra þarf þak á skemmu. Safnstjóra falið að vinna úr þessum vanköntum með verktökum.

4. **Páskasýning.** Safnstjóri greindi frá væntanlegri páskasýningu í borðstofu Hússins á Eyrarbakka. Páskasýningin heitir „Með mold á hnjánum - um garðyrkju í Árnessýslu“. Sýningin kemur frá Héraðsskjalasafni Árnésinga og er unnin upp úr safnkosti skjalasafnsins ásamt öðrum heimildum um garðyrkju í Árnessýslu. Heimagarðar, blómagarðar, ylrækt og útiræktun. Hvaða áhrif hefur garðyrkja haft á mannlíf og byggðarþróun í sýslunni?

7. **Starfsemin.** Safnstjóri sagði frá starfseminni undanfarna mánuði og framundan. Enn er unnið að því að raða gripum í hillur í aðalsal og er átak í gangi þessar vikurnar. Jóladagskrá safnsins tókst með ágætum og var vel sótt. Bakkastofa kemur með hópa reglulega í Húsið en að öðru leiti er aðsókn slök vegna faraldurs. Bókanir fram í tímann eru þó töluverðar. Salur Búðarstígs 22 er vel nýttur af þorpsbúum. Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir er í námsleyfi en Linda Ásdísardóttir kom til starfa 1. desember og hefur unnið að myndvæðingu safnmuna í Sarp auk undirbúnings fyrir sumarsýninguna.

8. **Næsti fundur** verður um leið og ársreikningur er tilbúinn til undirritunar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 21.

Árni Eiríksson  
Bryndís Eir Þorsteinsdóttir  
Klara Öfjörð

Lýður Pálsson